

Fimmtudaginn 7. maí 1987.

Nr. 148/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Bjarna Ágústi Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. þ.m. er barst Hæstarétti 4. þ.m. og er af hans hálfu krafist að gæsluvarðhaldsákvæði hins kærða úrskurðar verði fellt úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er sakaður um brot sem varðað gætu við 106. gr., 4. mgr. 220. gr. og 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fram er komið að varnaraðili hafði í hótunum við starfsfólk í geðdeild Borgarspítala, svo sem greint er í hinum kærða úrskurði. Ber því samkvæmt 6. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að staðfesta ákvæði úrskurðarins um gæsluvarðhald.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins kærða úrskurðar um gæsluvarðhald er staðfest.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 1. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða Bjarna Ágústi Jónssyni, til heimilis að Yrsufelli 7, fæddum 11. júlí 1962, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 13. maí nk. kl. 17:00 og jafnframt að honum verði á gæsluvarðhaldstímanum gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi. Kærði, sem er smitaður af alnæmisveiru (HTLV 3 veiru, öðru nafni eyðni) er grunaður um brot gegn 1. mgr. 217. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR, en hefur samþykkt að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Kærði var handtekinn síðastliðinn þriðjudag kl. 15:58 en var eigi leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 10:30 í gær. RLR hefur gefið þá skýringu, að skýrsla lögreglunnar í Reykjavík hafi borist þann 29. apríl sl. á milli kl. 09:00 - 10:00. Hafi rannsókn eigi getað hafist þá með skýrslutöku af kærða sökum þess að kærði hafi verið færður fyrir sakadóm í ávana- og fikniefnamálum. Var síðan unnið sleitulaust að málinu til kl. 01:30 aðfaranótt 30. apríl og þá tekin sú ákvörðun að bíða til morguns með að leiða kærða fyrir dóm.

Dómarinn tók sér sólarhrings frest til að úrskurða um kröfuna, með heimild í 65. gr. stjórnarskrárinnar og 66. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þeir að þriðjudaginn 28. apríl sl. kl. 15:58 var óskað aðstoðar lögreglu á göngudeild áfengissjúkra í anddyri geðdeildar Landspítalans. Fóru lögreglumenn á vettvang, þar sem kærða var haldið af allmörgum. Var kærði handjárnaður eftir snörp átök og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

Mun aðdragandinn hafa verið sá að kærði kom í viðtal til Ólafs Bjarnasonar geðlæknis og leitaði eftir aðstoð vegna sjúkdóms síns. Samkvæmt skýrslu Ólafs lauk viðtalinu með því að kærði réðst á Ólaf, sló til hans og sparkaði í hann og tók hann hálstaki. Hafi leikurinn síðan borist fram á gang, þar sem kærði sló Jóhannes Bergsveinsson yfirlækni hnefahögg á hökuna og síðan hafi hann tekið handslökkvitæki og mundað það að starfsfólki. Samkvæmt skýrslu Jóhannesar hafi kærði eftir þetta horfið af vettvangi en síðan komið aftur og ráðist til atlögu að hópi starfsfólks. Hafi kærði slegið og sparkað til þeirra, en fljótlega hafi tekist að hafa hann undir. Að sögn Jóhannesar sagði kærði að hann væri eyðnisjúklingur og hótaði oftár en einu sinni að bíta nærstadda. Einnig hafi kærði kvartað undan því að hann fengi enga hjálp, en hann væri alvarlega sjúkur.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi lýst ítarlega þrautagöngu sinni frá því honum var tjáð í janúar sl. að hann væri alnæmissjúklingur. Kvaðst kærði á þessum tíma hafa starfað á veitingastað við matargerð og kvaðst hann þegar hafa hætt störfum þar af sjálfsdáðum. Þá kvaðst kærði hafa leitað eftir opinberum styrkjum og aðstoð við öflun húsnæðis, en það hafi engan árangur borið. Kærði kvaðst búa hjá ömmu sinni, en það húsnæði sé einungis til bráðabirgða. Kærði kvaðst fyrir páska hafa fengið útbrot og hafi honum eftir það verið þvælt á milli lækna og stofnana, en þá hafi hann dvalið um hríð á deild A7 á Borgarspítalanum, þar sem er deild fyrir eyðnisjúklinga og síðan á deild 33A á Landspítalanum. Kvað kærði sér hafa liðið illa þar vegna reglna um samskipti við eyðnisjúklinga. Kærði kvaðst síðan hafa rætt við Ólaf Bjarnason, sem hafi talið hann á að leggjast aftur inn á deild 33A, en kærði kvað sér hafa runnið í skap er Ólafur tjáði honum skömmu síðar að deildin væri full. Kannaðist kærði við að hafa lagt hendur á lækna og starfsfólk eins og áður er lýst. Þá hefur kærði

kannast við að hafa hótad að bita starfsólkið. Þó kvaðst kærði aldrei myndu gera alvöru úr þeirri hótun sinni, þar sem hann kvaðst gera sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum. Kvaðst kærði hafa gert sér far um að koma í veg fyrir að hann smitaði aðra, m.a. með því að ganga með hanska.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Skúla G. Johnsen borgarlæknis til RLR, dagsett 29. apríl sl. Í bréfinu segir m.a. að kunnugt sé að kærði sé smitaður af alnæmisveiru og geti því smitað aðra með tilteknu athæfi. Sé nauðsynlegt að hefta framferði kærða með öllum tiltækum ráðum og að hans verði strengilega gætt á meðan nokkur hætta er talin á að hann endurtaki slíkt athæfi sem að framan er lýst. Þá segir að samkvæmt úrskurði heilbrigðismálaráðherra frá 20. nóvember sl. skuli alnæmi teljast sóttvarnarsótt samkvæmt ákvæðum farsóttarlaga í þeim tilvikum að einstaklingur hlíti ekki fyrir mælum lækna um að forðast að smita aðra. Taldi borgarlæknir nauðsynlegt að lögregluvirkvöld beri ábyrgð á gæslu kærða á meðan heilbrigðisyfirvöld kanna möguleika á fullnægjandi gæslu og meðferð á sjúkrastofnun eða gæsluheimili.

Niðurstöður:

Alkunna er að margnefndur sjúkdómur er nú gífurlegt vandamál í flestum þjóðlöndum. Mun engin lækning enn hafa fundist og veldur sjúkdómurinn undantekningarlaust dauða á lokastigi sínu. Er talið að sjúkdómurinn smitist einkum við kynmök og blóðblöndun.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7, 1986 skal sjúkdómur þessi flokkast undir kynsjúkdóma. Þá er í farsóttarlögum nr. 10, 1958, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 4. mgr. 2. gr. laganna og sóttvarnarlögum nr. 34, 1954, sbr. 5. gr. mælt fyrir um skyldu lögregluvirkvalda að aðstoða héraðslækna við framkvæmd opinberra farsóttarvarna samkvæmt ákvæðum laganna.

Augljóst er að kærði hefur með framferði sínu stofnað lífi samborgara sinna í hættu og ber brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir að slíkt fái endurtekið sig. Verður því eins og hér stendur á talið nauðsynlegt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarðhaldi þar til heilbrigðisyfirvöld hafa fundið honum hæfilegan samastað, en þó eigi lengur en til föstudagsins 8. maí nk. kl. 17:00.

Þá ber að úrskurða kærða samkvæmt 2. tl. d-liðar 75. gr. laga nr. 74, 1974 til þess að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Ágúst Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 8. maí nk. kl. 17:00.

Kærði skal gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.